

Réttindavakt velferðarráðuneytisins

Verkefni ársins 2013

September 2014



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Velferðarráðuneytið: Réttindavakt velferðarráðuneytisins – Verkefni ársins 2013
Nóvember 2014

Útgefandi: Velferðarráðuneytið
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
101 Reykjavík
Sími: 545 8100
Bréfasími: 551 9165
Netfang: postur@vel.is
Veffang: velferðarraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Velferðarráðuneytið

© 2014 Velferðarráðuneytið

ISBN 978-9979-799-88-7

Inngangur.....	4
Bókun og bréf	4
1 Réttindagæslumenn	5
Nýtt skráningarkerfi	5
Starfsdagar réttindagæslumanna	5
2 Námskeið og fræðsla	6
Námskeið fyrir persónulega talsmenn	6
Fræðsla og útgáfa	6
Fræðsluerindi- og fundir.....	6
3 Verkefni tengd framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks	7
Ímyndaráttak	7
Hvatningarverðlaun til fjölmiðla	7
Aðrir þættir framkvæmdaáætlunarinnar	7
Fylgiskjal: Störf réttindagæslumanna fatlaðs fólks 2013 - samantekt - myndrit	8

Inngangur

Hér birtist fyrsta skýrsla réttindavaktar velferðarráðuneytisins sem starfar samkvæmt 3. gr. laga nr. 88/2011, um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

Í réttindavakt velferðarráðuneytisins eru: Ingibjörg Broddadóttir formaður, Sigríður Jónsdóttir og Rún Knútsdóttir frá velferðarráðuneytinu, Friðrik Sigurðsson frá Landssamtökunum Þroskahjálpar, Ellen Calmon frá Öryrkjabandagi Íslands, Tryggvi Þórhallsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Hanna Björg Sigurjónsdóttir frá Háskóla Íslands. Gerður Aagot Árnadóttir sat fundi í forföllum Friðriks frá janúar til júní f.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar og Hrefna Óskarsdóttir var fulltrúi ÖBÍ fram til 31. október er Ellen tók við. Starfsmaður réttindavaktarinnar er Halldór Gunnarsson og Ingiríður Hanna Þorkelsdóttir ritaði fundargerðir.

Haldnir voru 9 fundir á árinu.

Bókun og bréf

Réttindavaktin sendi bréf til úrskurðarnendar félagsþjónustu og húsnæðismála í kjölfar ábendinga frá réttindagæslumönnum. Þar er þess farið á leit að allra leiða verði leitað til að stytta afgreiðslutímann hjá nefndinni í málum sem snúa að fötluðu fólki í ljósi mikilvægis þeirra varðandi lífsgæði fólksins.

Réttindagæslumenn leituðu ráðgjafar hjá réttindavaktinni vegna óljóss skilnings á því hvert hlutverk SIS-mats eigi að vera við ákvörðun um þjónustu við fatlað fólk samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk. Málið var til umfjöllunar á þrem fundum og bókun lögð fram að henni lokinni. Þar kemur fram sú niðurstaða vaktarinnar „að þótt líta megi til SIS-matsins þegar metin er þjónustubörf einstaklinga leysi það ekki sveitarfélagið ekki undan hinu skyldubundna mati sem 3. mgr. 5. gr. felur í sér“.

1 Réttindagæslumenn

Eitt af verkefnum réttindavaktarinnar er að fylgjast með störfum réttindagæslumanna fatlaðs fólks og veita þeim ráðgjöf og leiðbeiningar eftir þörfum.

Réttindagæslumenn eru átta og starfa á sjö svæðum. Fimm eru í hálfu starfi, einn í fullu starfi og tveir í 75% starfi, annar þeirra (Vesturland og Vestfirðir) var áður í hálfu starfi, eða fram til 1. nóvember. Ástæðan fyrir aukningunni var að svæðið er stórt og miklar vegalengdir og mikill tími fer því í ferðir. Réttindagæslumenn skiluðu skýrslum um störf sín og í fylgiskjali er það helsta dregið fram ásamt upplýsingum sem nú liggja fyrir í nýju skráningarkerfi.

Réttindagæslumenn leita mikið til starfsmanns réttindavaktarinnar eftir ráðgjöf og stuðningi og eiga líka í samskiptum sín á milli. Einnig eiga þeir aðgang að lögfræðilegri ráðgjöf og aðstoð í ráðuneytinu.

Helstu mál. Mál sem réttindagæslumenn höfðu til meðferðar á árinu voru 398 talsins. Tilkynningar eða ábendingar komu nokkurn veginn að jöfnu frá fötluðum einstaklingum, aðstandendum og starfsfólki í þjónustu. Einnig var nokkuð um að réttindagæslumenn tækju mál upp að eigin frumkvæði. Ekki er marktækur munur á kynjum í hópi þeirra sem aðstoðina fengu. Misjafnt er eftir landshlutum að hverju málin beinast, en meginmunurinn er sá að á höfuðborgarsvæðinu eru hlutfallslega fleiri sem þurfa aðstoð vegna biðar eftir búsetuþjónustu. Sjá nánar í fylgiskjali.

Nýtt skráningarkerfi

Tekið var í notkun nýtt skráningarkerfi fyrir réttindagæslumenn, sem unnið var í samstarfi við sérfræðing ráðuneytisins í tölvu- og upplýsingamálum. Með því er meðal annars hægt að fylgjast með viðfangsefnum réttindagæslumanna, hverjir tilkynna o.fl.

Starfsdagar réttindagæslumanna

Reglubundnir starfsdagar hafa verið haldnir með réttindagæslumönnum frá því að réttindavaktin hóf störf. Haldnir voru 5 starfsdagar réttindagæslumanna í velferðarráðuneytinu árið 2013. Á slíkum dögum bera réttindagæslumenn saman bækur sínar, fá umræður um og álit á ágreiningsmálum og utanaðkomandi aðilar koma með fræðslu. Þá er skipst á skoðunum við gesti og strengir stilltir þar sem verkefni þeirra skarast við réttindagæsluna. Á starfsdaga réttindagæslumanna hafa komið fulltrúar frá Tryggingastofnun ríkisins, NPA-miðstöðinni og kynferðisafbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Hanna Björg Sigurjónsdóttir frá Háskóla Íslands og Steinunn Bergmann á Barnaverndarstofu ræddu um fatlaða foreldra.

2 Námskeið og fræðsla

Námskeið fyrir persónulega talsmenn

Tvö heilsdagsnámskeið voru haldin fyrir persónulega talsmenn, annað í Reykjavík 23. febrúar, hitt á Akureyri 20. apríl. 46 einstaklingar sóttu námskeiðið í Reykjavík og 16 á Akureyri. Námskeiðin voru með svipuðu sniði á báðum stöðum. Sendiherrar samnings Sameinuðu þjóðanna hófu námskeiðin með innleggi sínu og síðan var farið nánar yfir samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks með áherslu á þær greinar sem ákvæði réttindagæslulaga um persónulega talsmenn taka til. Síðan tók við kynning á lögræðislögum, sem fulltrúar sýslumannsembættanna tóku að sér, auk þess sem lög um réttindagæslu fatlaðs fólks, lög um málefni fatlaðs fólks, lög um félagsþjónustu og reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu voru kynnt. Fulltrúar Landssamtakanna Þroskahjálpar og Öryrkjabandalags Íslands kynntu starf samtaka sinna.

Fræðsla og útgáfa

Gefinn var út bæklingur á „skiljanlegu“ máli um réttindagæsluna sem réttindagæslumenn hafa dreift til fatlaðs fólks og þjónustuaðila á sínum svæðum. Sett var upp heimasíða réttindagæslunnar www.vel.is/rettindagaesla með flýtihnappi af forsíðu heimasíðu velferðarráðuneytisins. Þar er hægt með aðgengilegum hætti að fá upplýsingar um svæði og nöfn réttindagæslumanna og hvernig má ná sambandi við þá. Einnig eru þar helstu atriði réttindagæslulaga og tengingar inn á helstu lög, reglugerðir og alþjóðlega sáttmála sem varða réttindi og þjónustu við fatlað fólk.

Fræðsluerindi- og fundir

12 fræðslufundir og -erindi voru haldin á vegum réttindavaktarinnar vítt og breitt um landið um réttindagæslulögin, oft með megináherslu á IV. kafla laganna sem fjallar um ráðstafanir til að draga úr nauðung.

3 Verkefni tengd framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks

Réttindavaktinni var falið að leiða starf í 5 af 6 undirflokkum E kafla framkvæmdaáætlunar í málefnum fatlaðs fólks sem fjallar um ímynd og fræðslu. Þeir eru: Hugmyndafræði og orðræða, hvatningarverðlaun til fjölmiðla, fræðsla til starfsfólks og kjörinna fulltrúa sveitarfélaga, þekking heilbrigðisstarfsfólks og fræðsla til vinnuveitana á almennum og opinberum vinnumarkaði.

Ímyndaráttak

Ímyndaráttak sem hófst í lok árs 2013 var afrakstur vinnu sem tengist tveimur fyrstu flokkunum í E kafla: Hugmyndafræði og orðræða og hvatningarverðlaun til fjölmiðla. Einnig tengist sú vinna því að í lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk frá 2011 segir að réttindavaktin skuli ... „vinna gegn staðalímyndum og fordómum og auka vitund um getu og framlag fatlaðs fólks“.

Réttindavaktin ákvað að leggja út í herferð þar sem vakin yrði athygli á því jákvæða framlagi sem fatlaðir einstaklingar hafa að bjóða samfélaginu.

Skipaður var starfshópur sem í sátu fulltrúar Öryrkjabandalags Íslands, Landssamtakanna Þroskahjálpar og Geðhjálpar ásamt starfsmanni réttindavaktarinnar sem var verkefnisstjóri.

Yfirskrift herferðarinnar var „Virkjum hæfileikana, alla hæfileikana“. Gerðar voru sex sjónvarpsauglýsingar þar sem sjónum var beint að ólíkum styrkleikum fatlaðra einstaklinga. Auglýsingarnar voru unnar í nánú samstarfi við þá fötluðu einstaklinga sem tóku þátt í þeim og valdir voru skv. ábendingum frá fulltrúum hagsmunasamtakanna. Auglýsingastofan Árnasynir sá um gerð auglýsinganna sem voru birtar í sjónvarpi, netmiðlum og kvikmyndahúsum. Einnig var stofnuð fésbókarsíða tileinkuð áttakinu. Þann 27. desember var herferðinni hleypt af stokkunum með viðburði í Borgarleikhúsinu – Vetrarhæfileikunum, þar sem fatlaðir og ófatlaðir einstaklingar leyfðu gestum að njóta hæfileika sinna. Viðburðurinn hlaut óskipta athygli fjölmiðla.

Hvatningarverðlaun til fjölmiðla

Á „Vetrarhæfileikunum“ voru hvatningarverðlaun til fjölmiðla veitt í fyrsta skipti. Verðlaunagripnum hafði verið gefið heitið Kyndillinn. Margrét Guðnadóttir listhönnuður hannaði og óf gripinn, sem er lampi, en Aron Raguei Guðjónsson, fyrrum starfsmaður Örva, starfsþjálfunar í Kópavogi, málaði fótinn. Dómnefndina skipuðu Halldór Gunnarsson, Margrét Erlendsdóttir, upplýsingafulltrúi Velferðarráðuneytisins, Sigrún Stefánsdóttir, forseti hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri, Bergur Þorri Benjamínsson, málefnafulltrúi Sjálfsbjargar Landssambands fatlaðra, og Sif Sigurðardóttir sjúkraliði sem situr í stjórn Landssamtakanna Þroskahjálpar.

Að mati dómnefndar hafði Ríkisútvarpið-sjónvarp borið kyndilinn hæst og hlaut viðurkenninguna fyrir sýnileika fatlaðs fólks í dagskrágerð sinni og var þar einkum litið til umfjöllunar þess um íþróttir fatlaðs fólks og sjónvarpsþáttanna „Með okkar augum“.

Aðrir þættir framkvæmdaáætlunarinnar

Á árinu voru einnig lögð drög að vinnu við önnur verkefni framkvæmdaáætlunarinnar sem eru á vegum réttindavaktarinnar og stefnt er að því að ljúka árið 2014.

Fylgiskjal: Störf réttindagæslumanna fatlaðs fólks 2013 - samantekt - myndrit

Réttindagæsla


TÖLFRÆÐI

yfir mál sem voru í vinnslu 2013


Tekið saman í september 2014




Fjöldi mála 2013 – 398 alls




Kyn




Aldursskipting – 357 einstaklingar




3. Hjúskaparstaða




Hvaðan erindin berast: Allt landið




Hvaðan erindin berast: Landsvæði - algengast



7. Inntak erindis: Allt landið



8. Opinber þjónusta sem mál beinist að – >10



9. Aðstoð vegna annarra einstaklinga

